

Ed. **195. Frumvarp til laga** [117. mál]
um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr.

2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni kr. 300 000

Með tveim börnum — 750 000

Með þrem börnum eða fleiri — 1 200 000

2. gr.

16. gr. orðist svo:

Greiða skal einstæðri móður óskerta dagpeninga samkvæmt 33. gr. (er verður 34. gr.) í 90 daga eftir barnsburð, enda njóti hún ekki orlofsfjár vegna barnsfæðingar.

3. gr.

Við 1. mgr. 17. gr. bætist:

Sömu bætur skal greiða einstæðri móður eftir barnsfæðingu.

4. gr.

Við 2. mgr. 17. gr. bætist:

Sömu bætur skal greiða einstæðri móður eftir barnsburð, ef hún hefur á framfæri sínu annað barn undir 17 ára aldri.

5. gr.

Ný grein komi, er verði 18. gr., og orðist svo:

Þegar niður falla bætur samkvæmt 17. gr., er tryggingaráði heimilt að greiða einstæðri móður allt að fullum lífeyri einstaklings samkvæmt 11. gr. ásamt tekju-tryggingu samkvæmt 19. gr. (er verður 20. gr.).

Tryggingaráð getur ákveðið, að kona í hjúskap eða í sambúð geti fengið sömu greiðslur og einstæð móðir samkvæmt 15. gr., 16. gr., 17. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, ef tekjur hjónanna eða sambúðarfólksins fari ekki fram úr ákveðnu marki og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði.

2. Eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.
3. Vegna annarra ástæðna, sem eru sambærilegar við ofangreindar ástæður.

6. gr.

Í stað „ekkjubætur“ í staflidum a, b og c í 2. mgr. 51. gr. (er verður 52. gr.) komi: bætur.

7. gr.

Niður falli orðin „fjárhag og“ í 1. mgr. 73. gr. (er verður 74. gr.).

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp var flutt á 100. löggjafarþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er nú endurflutt með þeirri einu breytingu, að upphæð mæðralauna skv. 1. gr. er hækkuð til samræmis við hækkað verðlag. Þegar frumvarp þetta var áður flutt fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

Frumvarp þetta felur í sér félagslegar ráðstafanir, sem er ætlað að bæta úr þeim félagslegu ástæðum, sem nú geta samkvæmt lögum heimilað fóstureyðingu. Lagt er til, að þetta sé gert með breytingum á lögum um almannatryggingar. Hér er um að ræða verulega aukna aðstoð við einstæðar mæður og heimildarákvæði um slíkt hið sama til hjálpar konum í hjúskap eða í sambúð, sem eru hjálparþurfi.

Frumvarpið hefur í för með sér eftirfarandi meginbreytingar á lögum um almannatryggingar:

1. Mæðralaun eru hækkuð mikið frá því sem nú er. Sú hækkun er mun meiri með einu barni og tveim börnum en með þrem börnum eða fleiri.
2. Einstæðum mæðrum eru tryggðar barnsburðarbætur. Skulu þær fá dagpeninga jafnháa slysadagpeningum almannatrygginga í 90 daga eftir barnsburð, enda njóti þær ekki með öðrum hætti orlofsfjár vegna barnsburðar.
3. Tekin er upp ný bótagreiðsla til einstæðra mæðra vegna þeirrar röskunar á stöðu og hógum, sem barnsburður veldur þeim. Bætur þessar skulu vera jafnar að upphæð og ekkjulífeyrir almannatrygginga. Réttur til þessara bóta er í sex mánuði eftir barnsfæðingu. Hafi hin einstæða móðir annað barn á framfæri sínu undir 17 ára aldri, á hún rétt á þessum bótum í 12 mánuði til viðbótar.
4. Þegar bætur skv. 3. tl. falla niður, er tryggingaráði veitt heimild til að greiða einstæðri móður lífeyri, er nemi að upphæð sem svarar allt að fullum elli-lífeyri einstaklings samkvæmt 11. gr. ásamt tekjutryggingu samkvæmt 19. gr. (er verður 20. gr.).
5. Heimild er veitt tryggingaráði til að geta ákveðið, að aðstoð, sem einstæðum mæðrum er veitt samkvæmt framansögðu, geti verið látin í té konum í hjúskap eða í sambúð, ef um er að ræða fjárhagserfiðleika og aðrar bágar félagslegar ástæður, sem samkvæmt núgildandi lögum geta heimilað fóstureyðingu.

Frumvarp þetta er flutt á þeirri forsendu, að fóstureyðing leysi ekki félagslegan vanda, heldur þvert á móti. Þjóðfélag, sem leyfi fóstureyðingu af félagslegum ástæðum, líti fram hjá hinum raunverulega vanda, sætti sig við óleyst vandamál. Félagsglegur vandí verði ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum. Frumvarp þetta miðar að því að svo verði gert.